

**Rannsóknir á seiðastofnum
Fnjóskár árið 2002**

**Eik Elfarsdóttir
Bjarni Jónsson**

Norðurlandsdeild Hólum, desember 2002

VMST-N/0212

Inngangur og aðferðir

Seiðastofnar Fnjóskár voru kannaðir með rafveiðum 26. - 27 september 2002. Markmið athugananna var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu laxa,- bleikju- og urriðaseiða sem og afkomu þeirra, þéttleika og vöxt í ánni. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand laxa,- bleikju- og urriðastofna Fnjóskár. Rafveitt var á níu stöðum í Fnjóská, þeim sömu og undanfarin ár, og einum stað í Bakkaá. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 245 – 960 m². Stærð staðanna var minni þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á grýttum köflum í ánni þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða. Öll veidd seiði voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Þéttleiki seiða er reiknaður út frá fjölda þeirra á hverri stöð þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt.

Niðurstöður rafveiða 2002

Efsti staður sem rafveitt var á sumarið 2002 var á móts við Reyki og var það eini staðurinn ofan ármóta við Bakkaá sem veitt var á (staður 1b, mynd 1). Á þessum stað veiddust þrjú árgangar bleikjuseiða, vorgömul (0+), eins árs (1+) og tveggja ára (2+). Þéttleiki eins árs gömlu seiðanna var mestur en minnst var af vorgömlum bleikjuseiðum (tafla 2, mynd 3a). Ekki varð vart við urriðaseiði á þessum stað frekar en árið 2000.

Rafveitt var á einum stað í Bakká, rétt neðan við brú yfir ána (staður 1c, mynd 1). Eitt árgamalt laxaseiði veiddist á þessum stað (tafla 1, mynd 2a). Þónokkuð var af vorgömlum bleikjuseiðum en einnig nokkuð af árgömlum og tveggja ára (tafla 2, mynd 3a), þéttleiki bleikjuseiða var mun meiri en sumarið 2000 (Bjarni Jónsson, 2000, VMST-N-00010). Urriðaseiði voru þó mun færri en sumarið 2000 eða aðeins 2 vorgömul seiði (tafla 3, mynd 4a).

Veitt var neðan Illugastaða (staður 4, mynd 1) en ekki var veitt þar sumarið 2000. Engin laxaseiði veiddust en árgömul bleikjuseiði voru í nokkrum þéttleika á þessum stað en mun minna var af vorgömlum og tveggja ára bleikjuseiðum (tafla 2, mynd 3a). Vottur fannst af tveggja ára urriðaseiðum (tafla 3, mynd 4a).

Staður 5 er við Steinkirkju (mynd 1) og veiddust þar tveir árgangar bleikjuseiða og eitt vorgamalt urriðaseiði (töflur 2 og 3, myndir 3a og 4a). Bleikjuseiðin voru vorgömul og eins árs og voru báðir árgangarnir í nokkuð miklum þéttleika (tafla 2, mynd 3a). Í fyrra veiddist ekkert urriðaseiði á þessari stöð en þrír árgangar bleikjuseiða.

Við Mörk (staður 7, mynd 1) varð aðeins vart við bleikjuseiði, vorgömul og árs gömul en í mjög litlum þéttleika (tafla 2, mynd 3a). Síðustu ár hafa bleikjuseiði verið í meiri þéttleika á þessari stöð en nú reyndist og vart hefur orðið urriða þar síðustu tvö sumur, einnig veiddust þar laxaseiði í rafveiðum 1999 (Bjarni Jónsson, 1999, VMST-N-99010; 2000, VMST-N-00010).

Efsti staður í Fnjóská sem vart varð við laxaseiði í rafveiðum 2002, eins og 2000 var staður 8 (mynd 1) en það er við brú yfir Þjóðveg 1. Varð þar vart við bæði vorgömul og tveggja ára seiði en í litlum þéttleika þó (tafla 1, mynd 2). Einnig var þar nokkuð af vor- og árgömlum bleikjuseiðum ásamt vorgömlum og þriggja ára urriðaseiðum (töflur 2 og 3, myndir 3b og 4a).

Veitt var í kvísl úr Fnjóská við Þingmannalæk (staður 8a, mynd 1). Á þessum stað veiddust tveir árgangar laxaseiða, þriggja og fjögurra ára (tafla 1, mynd 2). Laxaseiði voru í nokkuð meiri þéttleika þarna 2000 en ekki varð þeirra vart 1999. Mestur þéttleiki bleikjuseiða sem fannst í Fnjóská þetta árið í rafveiðum reyndist vera í kvíslinni og voru árgangarnir þrír, vorgömul, eins árs og tveggja ára (tafla 2, mynd 3b). Bæði veiddust vorgömul og eins árs urriðaseiði á þessum stað (tafla 3, mynd 4b).

Við Veisusel (staður 9, mynd 1) veiddist nokkuð af árs gömlum laxaseiðum en einnig varð þriggja ára seiða vart (tafla 1, mynd 2). Þrír árgangar bleikjuseiða veiddust, vorgömul,- eins árs- og tveggja ára (tafla 2, mynd 3b). Aðeins fundust árgömul urriðaseiði (tafla 3, mynd 4b).

Ofan við Þverá er staður 11 (mynd 1), þar varð vart við árgömul laxaseiði (tafla 1, mynd 2). Bleikjuseiðin sem veiddust á þessum stað voru vorgömul, eins- og tveggja ára og var þéttleiki þeirra ekki mjög mikill (tafla 2, mynd 3b). Eitt árgamalt urriðaseiði veiddist (tafla 3, mynd 4b).

Á stað 12, fyrir neðan Skarð (mynd 1) varð laxaseiða ekki vart. Sumarið 2000 veiddust þarna tveggja ára seiði, sumarið 1999 tveir árgangar og 1998 veiddust á þessum stað þrír árgangar laxaseiða (Bjarni Jónsson, 1999, VMST-N-99010; 2000, VMST-N-00010). Nokkuð var um vorgömul bleikjuseiði og vottur fannst af vor- og árgömlum urriðaseiðum (töflur 2 og 3, myndir 3b og 4b).

Umræða um niðurstöður rafveiða

Lítil breyting virðist hafa orðið á útbreiðslu laxins í Fnjóská síðan sumarið 2000 og virðast efri útbreiðslumörk hans enn vera rétt ofan við brú á Þjóðvegi 1, eitthvað virðist þó vera af laxi í Bakkaá því þar veiddist eitt árgamalt seiði. Þéttleiki seiðanna á þessum neðri hluta árinna er nokkuð svipaður og í rafveiðum 2000 en þá hafði hann líka minnkað töluvert frá árunum áður. Vart var við vorgömul seiði við brú á Þjóðvegi 1 og gefur það til kynna að einhver nýliðun hafi orðið í ánni þó erfitt sé að segja hve mikil. Það tekur yngstu seiðin nokkurn tíma að dreifa sér um ána og því koma þau ekki alltaf vel fram í rafveiðum fyrsta sumar sitt. Á árum áður var þéttleiki laxaseiða oft einna mestur á neðstu stöðvunum, við Þverá og neðan við Skarð, en á síðustu árum hefur þéttleiki seiða farið ört minnkandi á þessum stað. Í rafveiðum 1999 voru t.d. þrír árgangar laxaseiða við Þverá og tveir við Skarð. Árið 2000 fundust aðeins tveggja ára seiði á báðum stöðum en nú, í rafveiðum 2002, veiddist aðeins vottur af eins árs laxaseiðum við Þverá en laxaseiða varð ekki vart við Skarð. Sjávarganga laxaseiða hefur verið undir meðallagi síðustu sumur og lítur út fyrir frekar slaka göngu einnig sumarið 2003. Heimtur laxa í Fnjóská hafa hins vegar sum hin síðari ár verið óvenjugóðar samanborið við aðrar Norðlenskar ár. Heimtur haustsleppiseiða úr tjörn við Hjarðarholt hafa til að mynda verið góðar samanborið við aðrar slíkar sleppingar í örðum ám á landinu (Eik Elfarsdóttir, Bjarni Jónsson og Sigríður Ingólfssdóttir, VMST-N-0204).

Ástand bleikjuseiðastofna í Fnjóská er gott og reyndist heildarþéttleiki nokkuð meiri í rafveiðum árið 2002 en 2000. Klak úr hrygningu 2000 og 2001 virðist hafa tekist mjög vel því þeir árgangar, nú vorgömul og eins árs bleikjuseiði, eru í miklum þéttleika í ánni. Mest veiddist af bleikjuseiðum í Bakkaá, við Steinkirkju og í kvíslinni við Þingmannalæk. Ekki veiddist mikið af tveggja ára bleikjuseiðum en þau voru helst efst í ánni, Bakkaá og frá kvísl við Þingmannalæk niður undir Þverá.

Urriðaseiði veiddust á flestum rafveiðistöðvunum haustið 2002 en þéttleiki þeirra var ekki mikill frekar en áður. Mest var af vorgömlum og eins árs urriðaseiðum en einnig var nokkuð um tveggja og þriggja ára seiði.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fnjóská í september 2002.


Staður nr.	Stærð svæða	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 1b	39x14m					
Staður 1c	35x7m		0,41			
Staður 4	38x12m					
Staður 5	40x10m					
Staður 7	43x20m					
Staður 8	43x10m	0,23		0,23		
Staður 8a	20x23m				0,43	0,22
Staður 9	44x15m		0,45		0,15	
Staður 11	48x20m		0,10			
Staður 12	49x15m					

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fnjóská í september 2002.

Staður nr.	Stærð svæða	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 1b	39x14m	0,18	1,47	0,37		
Staður 1c	35x7m	4,90	2,86	0,41		
Staður 4	38x12m	0,66	4,61	0,22		
Staður 5	40x10m	8,00	5,75			
Staður 7	43x20m	0,35	0,23			
Staður 8	43x10m	2,09	2,79			
Staður 8a	20x23m	7,17	4,78	2,83		
Staður 9	44x15m	1,67	0,91	0,15		
Staður 11	48x20m	0,31	0,94	0,52		
Staður 12	49x15m	1,77				


Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fnjóská í september 2002.

Staður nr.	Stærð svæða	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 1b	39x14m					
Staður 1c	35x7m	0,82				
Staður 4	38x12m			0,22		
Staður 5	40x10m	0,25				
Staður 7	43x20m					
Staður 8	43x10m	0,23			0,23	
Staður 8a	20x23m	0,43	0,22			
Staður 9	44x15m		0,30			
Staður 11	48x20m		0,10			
Staður 12	49x15m	0,14	0,14			




0 4000 8000 12000 metrar






Mynd 1. Yfirlitskort af Fniðská með rafveiðistöðum.
 Út Landmælinga Íslands 1:250000




Mynd 2: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fnjóská í september 2002.




Mynd 3a: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská í september 2002.



Mynd 3b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská í september 2002.



Mynd 4a: Lengdar- og aldrurssdreifing veiddra urriðaseiða í Fnjóská í september 2002.



Mynd 4b: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra urriðaseiða í Fnjóská í september 2002.